

**Hvalasafnið á Húsavík ses.**

kt. 460105-3740

**Ársreikningur 2016**

## Efnisyfirlit

bls.

|                                  |        |
|----------------------------------|--------|
| Skýrsla stjórnar .....           | 2      |
| Áritun óháðs endurskoðanda ..... | 3 - 4  |
| Rekstrarreikningur .....         | 5      |
| Efnahagsreikningur .....         | 6 - 7  |
| Skýringar og sundurliðanir ..... | 8 - 12 |

### Hvalasafnið á Húsavík ses.

kt. 460105-3740,  
Hafnarstétt,  
640 Húsavík.



## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi stofnunarinnar

Markmið stofnunarinnar er að reka fræðslumiðstöð og safn um hvali, lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar. Félaginu er einnig ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og gripum sem tengjast markmiðum safnsins ásamt því að stuðla að rannsóknum á hvölum án þess að skaða þá. Þá er safninu ætlað að verka og varðveita beinagrindur af hvölum, höfrungum og hnísnum sem festast í veiðarfærum eða stranda við Ísland eftir því sem ástæða þykir til eða aðstæður leyfa. Safnið skal einnig leitast við að miðla almennri fræðslu um lífríki sjávar, þar á meðal; fræðslu um lífkeðjuna í sjónum, hafstrauma, fiskistofnana, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar, umgengni við auðlindina, hættur sem stafa af mengun, rannsóknir á lífríki sjávar og fleira. Einnig verslun með minjagrip og tengd starfsemi. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

### Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar stofnunarinnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum. Fjöldi ársverka á árinu var 4,5.

Á árinu áttu sér stað framkvæmdastjóranskipti, þegar Jan Aksel Harder Klitgaard lét af störfum og Valdimar Halldórsson tók við sem nýr framkvæmdastjóri.

### Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að starfsemi félagsins verði með svipuðum hætti á árinu 2017 og á árinu 2016.

### Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins.

### Eignaraðild

Hvalasafnið á Húsavík er sjálfseignarstofnun. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Stjórn Hvalasafnsins á Húsavík ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Húsavík, 15. febrúar 2017

Stjórn:

*Dorleif L. Dórnæss*  
*Heiðar Halldórsson*

Framkvæmdastjóri:

*Sit þjálfing  
 Þorgerður H. Vind.*  
*Valdimar Halldórsson*



## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar Hvalasafnsins á Húsavík ses.

#### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hvalasafnsins á Húsavík ses. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016 og efnahag þess 31. desember 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

#### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.



Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 15. febrúar 2017

**PricewaterhouseCoopers ehf.**



Rúnar Bjarnason,  
löggiltur endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur ársins 2016

|                                           | Skýr. | 2016               | 2015               |
|-------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                     |       |                    |                    |
| Aðgöngumiðasala .....                     |       | 45.204.726         | 31.064.493         |
| Sala minjagripa og bóka .....             |       | 15.741.852         | 11.736.734         |
| Aðrar tekjur .....                        |       | 3.229.080          | 7.295.935          |
| Styrkir .....                             |       | 14.319.573         | 9.455.757          |
|                                           |       | <u>78.495.231</u>  | <u>59.552.919</u>  |
| <b>Rekstrargjöld</b>                      |       |                    |                    |
| Laun og launatengd gjöld .....            |       | 32.587.260         | 17.901.440         |
| Annar rekstrarkostnaður .....             |       | 31.725.510         | 25.810.627         |
| Afskriftir .....                          | 3     | 3.647.088          | 2.564.338          |
|                                           |       | <u>67.959.858</u>  | <u>46.276.405</u>  |
| <b>Rekstrarhagnaður</b>                   |       | 10.535.373         | 13.276.514         |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b> |       |                    |                    |
| Vaxtagjöld og verðbætur .....             |       | (2.804.316)        | (3.300.875)        |
| Vaxtatekjur og gengishagnaður .....       |       | 282.978            | 525.361            |
|                                           |       | <u>(2.521.338)</u> | <u>(2.775.514)</u> |
| <b>Hagnaður ársins</b>                    |       | <u>8.014.035</u>   | <u>10.501.000</u>  |



## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir                                            | Skýr. | 31.12.2016         | 31.12.2015         |
|---------------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                             |       |                    |                    |
| Varanlegir rekstrarfjármunir:                     | 3     |                    |                    |
| Fasteign .....                                    |       | 79.587.375         | 81.600.846         |
| Áhöld og tæki .....                               |       | 1.403.806          | 1.833.459          |
| Munir .....                                       |       | 16.402.319         | 4.950.611          |
|                                                   |       | <u>97.393.500</u>  | <u>88.384.916</u>  |
| <b>Fastafjármunir samtals</b>                     |       | 97.393.500         | 88.384.916         |
| <b>Veltufjármunir</b>                             |       |                    |                    |
| Birgðir .....                                     |       | 1.626.848          | 1.929.296          |
| Viðskiptakröfur .....                             | 4     | 585.502            | 1.017.158          |
| Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur ..... |       | 1.953.504          | 1.398.121          |
| Handbært fé .....                                 |       | 14.468.131         | 22.880.007         |
|                                                   |       | <u>18.633.985</u>  | <u>27.224.582</u>  |
| <b>Eignir samtals</b>                             |       | <u>116.027.485</u> | <u>115.609.498</u> |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eigið fé og skuldir                               | Skýr. | 31.12.2016         | 31.12.2015         |
|---------------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| <b>Eigið fé</b>                                   | 5     |                    |                    |
| Stofnfé .....                                     |       | 21.049.374         | 21.049.374         |
| Óráðstafað eigið fé .....                         |       | 58.043.497         | 50.029.462         |
|                                                   |       | <u>79.092.871</u>  | <u>71.078.836</u>  |
| <br><b>Skuldir</b>                                |       |                    |                    |
| Skuldbinding:                                     |       |                    |                    |
| Fyrirfram innheimtar tekjur .....                 | 8     | <u>344.000</u>     | <u>392.000</u>     |
| <br>Langtímaskuldir:                              |       |                    |                    |
| Skuldabréfalán .....                              | 6     | <u>27.434.212</u>  | <u>31.851.854</u>  |
| <br>Skammtímaskuldir:                             |       |                    |                    |
| Viðskiptaskuldir .....                            |       | 1.313.199          | 3.010.817          |
| Aðrar skammtímaskuldir .....                      |       | 4.162.574          | 3.011.176          |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....     | 6     | 3.632.629          | 6.216.815          |
| Fyrirframinntekjur .....                          | 8     | <u>48.000</u>      | <u>48.000</u>      |
|                                                   |       | <u>9.156.402</u>   | <u>12.286.808</u>  |
| <br><b>Skuldir samtals</b>                        |       | 36.934.614         | 44.530.662         |
| <br><b>Eigið fé og skuldir samtals</b>            |       | <u>116.027.485</u> | <u>115.609.498</u> |
| <br><b>Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar</b> | 7     |                    |                    |
| <br><b>Aðrar upplýsingar</b>                      | 8     |                    |                    |



## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Hvalasafnið á Húsavík ses. Rekur fræðslumiðstöð og safn um hvali, lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar.

Hvalasafnið á Húsavík ses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hafnarstétt 1, 640 Húsavík.

### 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

#### 2.2 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

##### Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Seldar vörur eru með 30 daga skilarétt og er byggt á fyrri reynslu við áætlun á vöruskilum í lok árs. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

#### 2.3 Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

#### 2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.



## Skýringar

### Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

#### 2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

|                            |          |
|----------------------------|----------|
| Fasteignir .....           | 50 ár    |
| Áhöld, tæki og munir ..... | 3 -50 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

#### 2.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2017. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

#### 2.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

#### 2.8 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

#### 2.9 Birgðir

Birgðir eru vörur til endursölu og eru þær metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.



## Skýringar

### 3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

|                                            | Fasteign     | Áhöld og tæki | Munir       | Samtals      |
|--------------------------------------------|--------------|---------------|-------------|--------------|
| <b>Árslok 2015:</b>                        |              |               |             |              |
| Bókfært verð í ársbyrjun .....             | 82.475.472   | 1.524.336     | 1.855.969   | 85.855.777   |
| Viðbætur á árinu .....                     | 1.127.569    | 757.230       | 3.208.678   | 5.093.477    |
| Afskrifað á árinu .....                    | (2.002.195)  | (448.107)     | (114.036)   | (2.564.338)  |
| Bókfært verð í árslok .....                | 81.600.846   | 1.833.459     | 4.950.611   | 88.384.916   |
| Bókfært verð í árslok 2015 greinist þannig |              |               |             |              |
| Kostnaðarverð .....                        | 101.784.370  | 4.811.166     | 5.568.105   | 112.163.641  |
| Afskriftir .....                           | (20.183.524) | (2.977.707)   | (617.494)   | (23.778.725) |
| Bókfært verð í árslok .....                | 81.600.846   | 1.833.459     | 4.950.611   | 88.384.916   |
| <b>Árslok 2016:</b>                        |              |               |             |              |
| Bókfært verð í ársbyrjun .....             | 81.600.846   | 1.833.459     | 4.950.611   | 88.384.916   |
| Viðbætur á árinu .....                     | 0            | 0             | 12.655.672  | 12.655.672   |
| Afskrifað á árinu .....                    | (2.013.471)  | (429.653)     | (1.203.964) | (3.647.088)  |
| Bókfært verð í árslok .....                | 79.587.375   | 1.403.806     | 16.402.319  | 97.393.500   |
| Bókfært verð í árslok 2016 greinist þannig |              |               |             |              |
| Kostnaðarverð .....                        | 101.784.370  | 4.811.166     | 18.223.777  | 124.819.313  |
| Afskriftir .....                           | (22.196.995) | (3.407.360)   | (1.821.458) | (27.425.813) |
| Bókfært verð í árslok .....                | 79.587.375   | 1.403.806     | 16.402.319  | 97.393.500   |

Fasteign, innréttingar, safn, munir og frystigeymslur eru vátryggð fyrir kr. 330.356.157.

Fasteignir félagsins í árslok 2016 voru eftirtaldar:

|                     | Fasteigna-<br>mat hús | Fasteigna-<br>mat leigulóð | Brunabóta-<br>mat | Bókfært<br>verð |
|---------------------|-----------------------|----------------------------|-------------------|-----------------|
| Hafnarstétt 1 ..... | 66.500.000            | 10.500.000                 | 271.700.000       | 79.587.375      |

### 4. Viðskiptakröfur

|                                   |                   |                   |
|-----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Viðskiptakröfur greinast þannig:  | <b>31.12.2016</b> | <b>31.12.2015</b> |
| Viðskiptakröfur .....             | 760.242           | 1.736.143         |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna ..... | (174.740)         | (718.985)         |
|                                   | <u>585.502</u>    | <u>1.017.158</u>  |

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennt áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 5. Eigið fé

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

|                                 | Stofnfé    | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals    |
|---------------------------------|------------|------------------------|------------|
| <b>Hreyfingar á árinu 2015:</b> |            |                        |            |
| Staða í ársbyrjun .....         | 21.049.374 | 39.528.462             | 60.577.836 |
| Hagnaður ársins .....           |            | 10.501.000             | 10.501.000 |
| Staða í árslok .....            | 21.049.374 | 50.029.462             | 71.078.836 |
| <b>Hreyfingar á árinu 2016:</b> |            |                        |            |
| Staða í ársbyrjun .....         | 21.049.374 | 50.029.462             | 71.078.836 |
| Hagnaður ársins .....           |            | 8.014.035              | 8.014.035  |
| Staða í árslok .....            | 21.049.374 | 58.043.497             | 79.092.871 |

### 6. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

|                                                           |                   |
|-----------------------------------------------------------|-------------------|
| Skuldir í íslenskum krónum, vextir 5,45% verðtryggð ..... | 31.066.841        |
|                                                           | <u>31.066.841</u> |

Afborganir af langtímaskuld félagsins í árslok 2016 greinast þannig á næstu ár:

|                 |                   |
|-----------------|-------------------|
| Árið 2017 ..... | 3.632.629         |
| Árið 2018 ..... | 3.632.629         |
| Árið 2019 ..... | 3.632.629         |
| Árið 2020 ..... | 3.632.629         |
| Árið 2021 ..... | 3.632.629         |
| Síðar .....     | 12.903.696        |
|                 | <u>31.066.841</u> |

Langtímaskuldir samtals kr. 31,1 millj. koma þannig fram í efnahagsreikningi:

|                                                            |                   |
|------------------------------------------------------------|-------------------|
| Afborganir ársins 2017, færðar meðal skammtímaskulda ..... | 3.632.629         |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....     | 27.434.212        |
|                                                            | <u>31.066.841</u> |

### 7. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

#### Veðsetningar

Á fasteign félagsins hvílir þinglýst veð til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði um 31 milljónir króna í árslok 2016.



## Skýringar

### 8. Aðrar upplýsingar

#### Starfsmannamál

| Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig: | 2016              | 2015              |
|------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun .....                                           | 27.119.969        | 14.806.244        |
| Launatengd gjöld .....                               | 5.214.118         | 2.958.032         |
| Bifreiðastyrkur .....                                | 107.745           | 137.164           |
| Dagpeningar .....                                    | 145.428           | 0                 |
|                                                      | <u>32.587.260</u> | <u>17.901.440</u> |
| Starfsmenn á launaskrá .....                         | 11                | 12                |
| Stöðugildi á árinu .....                             | 4,5               | 3                 |

Laun og þóknanir til stjórnenda námu um 11,2 mkr. á árinu.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

#### Skuldbindandi samningar

Vegna kaupa Hvalamiðstöðvarinnar á gamla frystihúsi Kaupfélag Þingeyinga á Hafnarstétt ásamt tilheyrandi lóðarréttindum leigði kaupandi seljanda 150 fm. rými í húsinu til 25 ára. Samkomulag um leigu húsnæðisins er uppsegjanlegt af beggja hálfu hvenær sem er eftir 3 ár m.v. dagsetningu samkomulagsins og skal þá koma til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs hins selda, eins og segir í samkomulaginu.

Skuldbindingin greinist þannig í árslok:

|                                                                     | 31.12.2016     | 31.12.2015     |
|---------------------------------------------------------------------|----------------|----------------|
| Fyrirframinnheimtar tekjur færðar meðal langtímaskuldbindinga ..... | 344.000        | 392.000        |
| Fyrirframinnheimtar tekjur færðar meðal skammtímaskulda .....       | 48.000         | 48.000         |
|                                                                     | <u>392.000</u> | <u>440.000</u> |

Fyrirframinnheimtu tekjurnar vegna leigunnar munu koma til tekna á samningstímanum eða 25 árum. Á árinu 2017 munu fyrirframinnheimtar tekjur að fjárhæð kr. 48.000 koma til tekna í rekstrarreikningi Hvalamiðstöðvarinnar.

#### Tekjuskattur

Félagið er undanþegið skattskyldu samkvæmt 5. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.